

Alvarleg staða ferðaþjónustunnar í Sveitarfélaginu Hornafirði.

Í september s.l. hafði Ferðamálafélag Austur-Skaftafellssýslu (FASK) frumkvæði að boðun vinnufundar og framkvæmd könnunar meðal ferðaþjónustuaðila á starfssvæði FASK. Sveitarfélagið Hornafjörður (SVH) kostaði verkefnið og Þekkingarsetrið Nýheimar komu að undirbúningi og utanumhaldi þess. Vinnufundinum var ætlað að skila tillögum (hugmyndum) að lausnum sem greinin sjálf, ríkið, sveitarfélög, bankar, tryggingarfélög og aðrir aðilar geta gripið til sem stuðning við greinina svo draga megi úr neikvæðum áhrifum heimsfaraldurs vegna Covid 19 á fyrirtæki, fjölskyldur, ríkið, sveitarfélög og aðra hagsmunaraðila. Samkvæmt skýrslu frá SASS sem fjallar um hagtolur um atvinnulíf á Suðurlandi kemur fram að 565 einstaklingar störfuðu í ferðaþjónustu í Sveitarfélaginu Hornafirði árið 2019 og hafði þeim fjölgað um 455% frá árinu 2009.

Spurningakönnun var send út í lok september til 107 mismunandi aðila og bárust svör frá 57 aðilum.

Helstu niðurstöður könnunarinnar:

- Áætlað er að á bilinu 15-20% af störfum innan SVH tapist á tímabilinu 2020 til 2021 til samanburðar við árið 2019.
- Hlutfall lítilla og meðalstórra fyrirtækja (1-20 starfsmenn) var um 92% af fyrirtækjum í ferðaþjónustu árið 2019.
- Lítil og meðalstór fyrirtæki sköpuðu á bilinu 64-66% allra starfa ferðaþjónustunnar í SVH árið 2019.
- Ferðaþjónustuaðilar eru mjög neikvæðir til skamms tíma (6 mánaða) og telja að á bilinu 232-326 störf tapist vegna Covid 19 til loka árs 2021
- Ferðaþjónustuaðilar verða jákvæðari ef horft er til lengri tíma (12-24 mánaða) og ekkert fyrirtæki hyggst hætta starfsemi.

Með þessari vinnu FASK og þátttöku ferðaþjónustuaðila vonumst við til þess að þær hugmyndir sem fram komu á vinnufundinum nýtist öllum aðilum máls. Þannig aukast möguleikar á réttum viðbrögðum og dregið verði úr þeim skammtíma skaða sem nú blasir við. Um leið er tryggð viðspyrna íslensks efnahagslífs þegar faraldurinn fer í rénun og eðlilegra viðskiptaumhverfi skapast.

Helstu niðurstöður vinnufundarins:

Að aðilar máls, fyrirtækin sjálf, ríki, sveitarfélög, bankar, tryggingarfélög og aðrir hagsmunaaðilar eiga að beina aðgerðum sínum í þá veru að búa í haginn fyrir framtíðina svo að viðspyrnan verði sem best þegar til lengri tíma er litið.

1. Spurning, hvað getur greining sjálf gert til að draga úr neikvæðum áhrifum Covid 19

- Þátttakendur voru sammála um að nota tímann til að efla samvinnu og samstöðu innan greinarinnar.
- Fara út í nýsköpun og vöruþróun og byggja upp nýjan markað fyrir Íslendinga, m.a. með því að íslenska heimasíður.

- Fyrirtækin geta farið í naflaskoðun og endurskoðað og endurskipulagt rekstur sinn.
- Fyrirtækin geta nýtt tímann til að búa í haginn í markaðsmálum og framkvæma markaðsrannsóknir og markaðsgreiningu fyrir sinn rekstur.
- Fyrirtækin geta nýtt tímann og bætt gæðin og yfirfarið umhverfismál með því að innleiða gæðakerfi hjá sér svo sem Vakann.
- Fyrirtækin nýttu úrræði stjórnvalda, svo sem hlutabótaleiðina, greiðsla laun á uppsagnarfresti og frysting lána.
- Fyrirtæki fóru út í almenna hagræðingu, svo sem uppsagnir, afskráningu tækja, yfirfóru tryggingar, endurfjármögnuðu lán, drógu úr orkunotkun o.fl. sambærilegt.
- Fyrirtæki geta nýtt tímann og sent/sótt námskeið sem styrkja þau/starfsmenn í starfi til lengri tíma litið.

2. Spurning, hvað geta ríki og sveitarfélög gert til að draga úr neikvæðum áhrifum Covid 19

- Ríki og sveitarfélög noti fjárlagagerðina og flýti m.a framkæmdum sem skapa mörg störf. Framkvæmdirnar sem miða að því búa í haginn til framtíðar og styrkja grunnatvinnulíf landsvæða sem verst hafa orðið úti vegna Covid 19. Framkvæmdirnar stuðli að umhverfisbata og aukinni sjálfbærni.
- Ríki og sveitarfélög fari í stefnumótun í ferðaþjónustu, markistefnu til framtíðar með ferðaþjónustunni.
- Ríki og sveitarfélög noti skattkerfið til að draga úr neikvæðum áhrifum Covid 19 til skamms tíma, svo sem fella niður gistináttagjald, lækka álögur og beita frekari frestunum.
- Ríki lækki tímabundið til 5 ára álögur svo sem VSK á ferðaþjónustuna til að gera ferðaþjónustuna samkeppnishæfari gagnvart öðrum löndum þegar ferðalög hefjast að nýju.
- Ríkið hækki framlög til endurgreiðslu kvikmyndagerða á Íslandi, til að laða að erlenda fjárfestingu sem síðar skilar sér í jákvæðri umfjöllun um Ísland til lengri tíma litið og skapar atvinnu.
- Ríki og sveitarfélög stuðli að opnu samtali milli ferðaþjónustugreinarinnar og opinberra aðila og skiptist á mikilvægum upplýsingum.
- Ríki og sveitarfélög stuðli að nýsköpun og vöruþróun
- Ríki framlengi og þrói úrræði svo sem hlutabótaleið, greiðsla launa á uppsagnarfresti, frystingu lána og stuðningslán.
- Ríki og sveitarfélög undirbúi markaðsherferðir sem hægt verður að setja af stað um leið og markaðir opnast að nýju.
- Ríki bjóði upp á stuðning við umhverfisvæn orkuskipti svo sem rafbílavæðingu, varmadælur og sambærilegt.

- Ríki hugi að litlum og meðalstórum fyrirtækjum við útfærslur á úrræðum.
- Ríki jafni betur orkukostnað aðila á köldum svæðum.
- Ríki og sveitarfélög stuðli að því að einfalda aðilum fullvinnslu matvæla heima í héraði.
- Ríki og sveitarfélög stuðli að störfum án staðsetningar og bjóði upp á frekari fjarvinnslu.

3. Hvað geta aðrir gert svo sem bankar, tryggingafélög og aðrir hagsmunaaðilar til að draga úr neikvæðum áhrifum Covid 19.

- Bankar og tryggingafélög þurfa að horfa á langtíma hagsmuni sína miðað við núverandi stöðu.
- Bankar og tryggingafélög komi á fót nýsköpunar- og vöruþróunarsjóðum.
- Bankar geta fellt niður vexti á meðan tekjumöguleikar ferðapjónustunnar eru litlir sem engir.
- Bankarnir skoði að fella niður hluta skulda fyrirtækja sé það þjóðhagslega hagkvæmt.
- Tryggingarfélag geta lækkað iðgjöld þar sem notkun, húsnæðis og tækja er ekki sá sami og í eðlilegu árferði og þar að leiðandi mun minni líkur á tjóni en við hefðbundna notkun.
- Þjóðgarðar geta farið í innviðauppbýggingu með aðstoð Vinnumálastofnunar og skapað þannig störf með verkefnum sem brýnt er að fara í.
- Yfirfara allar sóttvarnaraðgerðir með það í huga að tryggja öryggi og á sama tíma opna á ferðalög til Íslands. Sem dæmi mætti setja á grímuskyldu, viðhalda tveggja þátta skimun á landamærum með meiri slaka í sóttkví, tryggja að eingöngu ríkisborgarar öruggra svæða fái inngöngu inn í landið o.s.frv.

Ef við gefum okkur að þróun á bóluefni verði jákvæð á næstu 6 mánuðum og að á næstu 12-18 mánuðum verði það komið í almenna dreifingu hjá helstu viðskiptalöndum Íslands þá getur það skipt sköpum að aðilar máls bregðist rétt við til að lágmarka skaðann og flýta fyrir bata eins og kostur er. Með þessari vinnu FASK og þátttöku ferðapjónustuaðila vonumst við til þess að þær hugmyndir sem fram komu á vinnufundinum nýtist öllum aðilum máls. Þannig aukast möguleikar áréttum viðbrögðum og dregið verði úr þeim skammtíma skaða sem nú blasir við. Um leið er tryggð viðspyrna íslensks efnahagslífs þegar faraldurinn fer í rénun og eðlilegra viðskiptaumhverfi skapast.

Stjórn FASK og bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar.